

Lesefni við lokahátíðir
Stóru upplestrarkeppninnar
í 7. bekk
2010–2011



Skáld keppninnar

Gunnar M. Magnúss og
Hulda - Unnur Benediktsdóttir Bjarklind

Raddir,
samtök um vandaðan upplestur og framsögn

febrúar 2011

Textar eru valdir og búnir til fjölföldunar af Ingibjörgu Einarsdóttur, Þórði Helgasyni og Baldri Sigurðssyni til flutnings á lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk vorið 2011.

Búningur sögunnar eftir Gunnar M. Magnúss er miðaður við munnlegan flutning: Lesmáli er skipt í jafna búta, sums staðar er það aðlagað örlítið og greinarmerki sett þar sem þurfa þykir til glöggvunar fyrir hina ungu flytjendur.

Efni kversins

Inngangur — leiðbeiningar.....	4
<i>Um val á lesköflum</i>	<i>4</i>
<i>Um kynningu á lokahátíð</i>	<i>5</i>
<i>Um röð flytjenda</i>	<i>5</i>
Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð, flytjendur þeirra og röð.	6
Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni <i>Bærinn á ströndinni</i> eftir Gunnar M. Magnúss	7
<i>Inngangur kynnis</i>	<i>7</i>
Önnur umferð: Ljóð eftir Huldu.....	26
<i>Inngangur kynnis</i>	<i>26</i>

Inngangur — leiðbeiningar

Um val á lesköflum

Hér birtist skyldubundið lesefni við lokahátíðir Stóru upplestrarkeppninnar vorið 2011. Þátttakendur lesa í þremur umferðum. Í fyrstu tveimur umferðunum lesa þeir efni úr þessu kveri, í þriðju umferð lesa þeir ljóð að eigin vali. Gott er að kennarar hvetji nemendur til að velja ljóð utan skólabóka.

Í fyrstu umferð verða fluttar svipmyndir úr sögunni *Bærin á ströndinni* eftir Gunnar M. Magnúss. Sagan skiptist í 18 hluta, en það er hámarksfjöldi keppenda sem gert er ráð fyrir. Hæfilegt þykir víðast hvar að lesarar séu á bilinu 12 til 15 en ekki er gert ráð fyrir færri lesurum en átta.

Umsjónarmaður velur þá kafla sem henta fjölda lesara á hverjum stað. Til þess að sem best samhengi fáist í flutninginn er mælt með að þessir hlutar sögunnar séu valdir:

8 lesarar	1–3 og 14–18 / 8–13 og 17–18
9 lesarar	1–7 og 17–18 / 8–16
10 lesarar	1–7 og 14–16 / 4–13
11 lesarar	8–18
12 lesarar	4–13 og 17–18
13 lesarar	1–13 / 4–16
14 lesarar	1–3 og 8–18
15 lesarar	1–13 og 17–18 / 4–18
16 lesarar	1–16
17 lesarar	1–2 og 4–18
18 lesarar	1–18

Flytjendur fá viku til tíu daga til að undirbúa þá kafla sem fluttir verða á hátíðinni. Á lokaæfingu, eða daginn fyrir lokahátíð, fá flytjendur að vita nákvæmlega hvaða hluta þeir eiga að lesa. Til hægðarauka má skrá nöfn lesara við númer hvers hluta á yfirlitinu hér á eftir.

Í annarri umferð lesa þátttakendur eitt ljóð eftir Huldu. Þeir skulu velja eitt af þeim tíu ljóðum sem prentuð eru í heftinu. Gott er að val nemenda dreifist á sem flest ljóð.

Í þriðju umferð lesa þátttakendur ljóð algerlega að eigin vali, bundið eða óbundið, nýtt eða gamalt.

Um kynningu á lokahátíð

Áður en upplestur hefst fer vel á að kynna flytjendur með nafni og úr hvaða skóla þeir eru. Annaðhvort gerir kynnir það eða flytjendur gera það sjálfir. Eftir að upplestur hefst þarf ekki að kynna þá frekar.

Í upphafi fyrstu umferðar fer vel á að kynnir lesi inngang að sögu Gunnars M. Magnúss, eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur þurfa ekki að kynna efnið frekar, heldur lesa sinn hluta beint af augum svo sagan myndi eina samfellda heild. Þeir eiga ekki að segja númer þess hluta sem þeir lesa en þeir eiga að lesa fyrisagnir þar sem þær eru.

Í upphafi annarrar umferðar fer vel á að kynnir lesi inngang að ljóðunum eftir Huldu eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur kynna aðeins heiti ljóðsins sem þeir hafa valið, en eiga ekki að endurtaka nafn skáldsins.

Í þriðju umferð getur kynnir þess í upphafi að flytjendur lesi ljóð að eigin vali. Þeir kynna sjálfir heiti ljóðsins og höfund þess.

Um röð flytjenda

Vel fer á að flytjendur sitji í sömu röð og þeir lesa söguna í fyrstu umferð. Óþarfi er að nemendur úr sama skóla sitji saman. Í annarri umferð er byrjað á þeim sem var fjórði eða fimmti í fyrstu umferð, svo lesið í sömu röð og endað á þeim sem situr við hlið þess sem byrjaði. Í þriðju umferð er byrjað enn aftar og röðinni fylgt eins og áður.

Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð,
flytjendur þeirra og röð.

1. _____

2. _____

3. _____

4. _____

5. _____

6. _____

7. _____

8. _____

9. _____

10. _____

11. _____

12. _____

13. _____

14. _____

15. _____

16. _____

17. _____

18. _____

Fyrsta umferð:

Svipmyndir úr skáldsögunni *Bærinn á ströndinni*
eftir Gunnar M. Magnúss

Inngangur kynnis

Skáld Stóru upplestrarkeppninnar að þessu sinni eru tvö, *Gunnar M. Magnúss* og *Unnur Benediktsdóttir*, eða *Hulda*, sem var skáldanafn hennar.

Gunnar M. Magnúss fæddist árið 1898 á Flateyri við Önundarfjörð og lést árið 1988. Gunnar var lengi barnakennari og kenndi m.a. við Austurbæjarskólann í Reykjavík í 17 ár. Hann tók mikinn þátt í félagsstörfum barnakennara og rithöfunda og var einnig lengi bóksali í Reykjavík. Gunnar var mjög afkastamikill rithöfundur og skrifaði einkum um söguleg efni, ævisögur og sögur fyrir og um börn.

Við heyrum hér lesinn kafla úr bókinni *Bærinn á ströndinni* en það er sagan af Jóni Guggusyni og Guðrúnu Lukku sem bæði eru tólf ára þegar sagan gerist. Þeim hefur verið komið fyrir á bænum Strönd hjá Júlla og Jakobínu. Sameiginlegir erfiðleikar tengja þau á fallegan hátt saman. Þau langar bæði til náms en eru allar bjargir bannaðar. Þau taka ýmislegt til bragðs, skrifa sýslumanninum en það tiltæki þeirra kemst upp. Loks tekur Jón Gugguson upp á því í samráði við Guðrúnu Lukku að strjúka og endar sagan á strokinu og afleiðingum þess.

Ýmsar fleiri persónur koma við sögu og má þar nefna vinnukonuna Engilmaríu og Drésa, sem gerir Jóni gjarnan lífið leitt.

Í sögunni er sagt á fallegan og einlægan hátt frá reynslu og kynningu þessara barna. Margir hafa lokið lofsorði á frásagnarlist Gunnars, einkum þar sem hann lýsir börnum, og hefur hann ætíð verið í fremstu röð þeirra sem skrifa um börn.

1. Jón Gugguson eignast vinstúlkú

Svo var það næsta sunnudag, eftir morgunmjaltir, að Jón Gugguson sat í lækjarbrekku og tálgaði spýtu. Þá heyrði hann allt í einu að einhver stökk yfir lækinn. Það var ókunnuga telpan. Hún stóð þar á bakkanum fyrir neðan hann og horfði á hann tálga. Nú hafði hún ekki bandið um hárið eins og fyrsta daginn og hárið fauk til í vindinum.

Hann herti sig að tálga

— Þykir þér gaman að tálga? spurði hún.

— Það bítur bara illa, sagði hann og kepptist.

— En þykir þér gaman að því?

— Ó – já, svaraði hann.

Hún færði sig nær og stóð þar og horfði á hann, en spænirnir hrukku ótt og títt út í grasið.

Það var reyndar gaman að ókunnuga telpan var komin,
— svo fannst drengnum en hann leit ódjarflega upp.

— Ætlarðu að vera hérna? spurði hann.

— Já, ég er komin hingað í vist. — Ert þú líka í vist?
spurði telpan. Hún hafði skæra rödd.

— Já, svaraði Jón Gugguson. — Hver á þig? spurði hann svo.

— Enginn, svaraði hún, — ég er munaðarlaus.

Þá leit drengurinn á hana stórum og björtum augum eins og hann hefði þekkt hana fyrir lifandi löngu.

— Ert þú það ekki líka? spurði hún.

— Ja – ég er hálfmunaðarlaus, sagði hann, — en ég á samt mömmu og svo á ég systur sem er lítil.

2.

— En ræður þú þér sjálfur? spurði hún.

— Nei, svaraði hann hnugginn.

Lækurinn rann þar rétt hjá, silfurtær og gutlaði án afláts. Þá fór telpan að stökkva yfir lækinn. Svo kom hún aftur og settist í lækjarbrekkuna.

— Ég veit hvað þú heitir, sagði hún. — Mér finnst það bara fallett.

— En þú? spurði hann.

— Ég heiti Guðrún Lukka.

— Lukka? endurtók drengurinn.

— Já, mamma lét skíra mig það áður en hún dó. Svo dó hún. Hún spáði því, þegar ég var lítil, að ég yrði hamingjusöm en það hefði samt verið ennþá betra ef hún hefði lifað.

— Er það ekki fallett, nafnið mitt?

— Jú, sagði hann.

— Áttu dót? spurði hún.

Þá datt Jóni Guggusyni í hug að kannski ætti hún ekkert dót og fór að telja upp það sem hann átti. — Ég á fola með seglgarnsbeisli, sagði hann, svo á ég merkileg hjól, sum eru úr vekjaraklukku, ég á líka skopparakringlu búna til úr tvinnakefli, ég á hörpudisk og smáskeljar og perlur og tölur, líka kleinujárn, en það er nú brotið, — en svo á ég fleira, til dæmis þennan vasahníf.

Hún hlustaði á, og þegar drengurinn var búinn að telja upp það sem hann átti stökk hún á fætur og sagði: Bíddu, ég ætla að sækja nokkuð sem ég á.

Hún hljóp heim að bænum, en hann sat í brekkunni og lauk við smíðisgripinn meðan hún var burtu.

3.

Það var kefli með útskorinni rós, upphleyptri, — hún sveigði sig eins og vafningsviður kringum stofn. Drengurinn velti keflinu fyrir sér og hélt áfram að gera það fallegt með því að skafa það slétt og hált og setja æðastrengi í blöð rósarinnar.

Þá kom Guðrún Lukka mäsandi með lítinn stökk í hendinni og fleygði sér niður við hliðina á Jóni Guggusyni.

Hún opnaði stökkinn.

— Hérna ofan á eru myndirnar mínar, — þú mátt sjá þær, — það eru myndir af englum og vitringunum og kisu í stelpufötum, svo er ein af gamalli konu að þrjóna og ein af hlæjandi svíni með rembihnút á rófunni og ein er af Drangey. Svo eru margar fleiri, þú mátt sjá þær allar, — það eru líka fáeinar ljótar myndir sem ég hef teiknað, þessi er af konu að hengja þvott á snúru og þessi er af snjókerlingu með reykjarpípu, svo er hérna mynd af báli í rigningu, — og hérna er ein af manni að ana upp fjall; hann er að fara heim til sín, — hérna sjást sporin, en framundan er allt hvítt, það er snjórinn. Bærinn hans sést ekki, það var ekki hægt að láta hann sjást af því að hann er hinum megin við fjallið, — en það situr fugl á höfðinu á manninum, hann á að vísa honum veginn ef það gerir byl.

Lukka lét dæluna ganga meðan hún tók upp úr stökknum en Jón Gugguson tók við myndunum og skoðaði.

— Það er mest varið í myndirnar eftir þig, sagði hann hrifinn. — Þær eru svo eðlilegar.

4. Kaffitími undir vegg

Um haustið var byrjað á nýrri atvinnu, sem Jón Gugguson hafði ekki órað fyrir. Júlli tók upp á því að stunda sjóróðra með Drésa en vinnukonurnar og Jón Gugguson hjálpuðu til við fiskinn þegar í land kom. Fjörðurinn fylltist af fiski svo að allar kænur, sem flotið gátu, voru settar fram til róðra.

Það var mikið að starfa á Strönd bæði til lands og sjávar. Þegar Júlli kom úr róðri var það verk Jóns Guggusonar með karlmönnum að bera fiskinn upp á malarkambinn, svo sótti hann sjó í tréfötum og þvoði flatta fiskinn upp og hjálpaði við að koma honum í salt. Rikka og Birna frá Hænuvík greiddu lóðirnar og breiddu þorskhausana og hryggina til þerris út um malarkambinn en Guðrún Lukka var í bænum með Engilmaríu og húsmóðurinni.

Stundum var kaldur næðingur og ónotalegt að standa í fjörunni, fannst Jóni Guggusyni. Þó var einn sólskinsblettur sem hýrgaði daginn upp; — það var þegar Guðrún Lukka og Jakobína komu með rjúkandi kaffi með hörðu brauði og sykri og allur mannskapurinn settist í skjól undir vegg og borðaði og drakk.

Við eitt slíkt tækifæri gerðist eftirfarandi atburður:

Drési var óvenju glettinn.

— Heyrðu, Lukka mín, hefur þú búið til þetta indæla kaffi? sagði hann glettnislega og teygði sig til að ná til hennar.

— Ég er ekki þín og verð aldrei þín, svaraði Lukka hvatskeytlega og færði sig frá honum.

— Þú hefur kannski búið til lummurnar, heillin. Það hefði mátt vera ofboð lítið meira af méli í þeim.

5.

Sumir hlógu en Lukka reigði til höfuðið.

— Það hallast ekki á með ykkur Jóni Guggusyni ef þið verðið hjón, hélt Drési áfram. — Þú bakar lummurnar en hann skefur pönnuna og pottana og eldar hafragrautinn ha-ha.

Jón Gugguson sötraði brennheitt kaffið og hitnaði upp í hársrætur.

— Það er meiri skömm af karlmanni að kunna ekki að elda hafragraut, heldur en kunna það, svaraði Lukka og lét sér hvergi bregða.

— Þú hefir bara munninn fyrir neðan nefið, svaraði Drési og hló.

— Já, á móti þér, sagði Lukka. Svo sönglaði hún stríðnislega.

Ég þekki dreng, sem er þvengur mjór,
það er Drési — það er Drési;
ég þekki snáða,
sem þykist stór,
það er Drési!

Þar strandaði hún í skáldskapnum.

— Hún ætlar bara að skálda mig í kaf, stelpan, sagði Drési. — Það er hart að geta ekki svarað fyrir sig. — Svo svaraði hann:

Ég þekki stúlku með stuttan fót,
sem stígur varlega í fjörugrjót,
það er Lukka!

Það er naumast að þið eruð gáfufólk, þið skáldið bara eins og horfir, sagði vinnukonan frá Hænuvík og gaf Drésa hýrt auga.

6.

— Já, ég gæti skáldað meira um svona pása, eins og þennan Drésa, svaraði Lukka snúðugt. — Hann er ólyktarpési þó að hann sé kannski kærastinn þinn.

— Og ætli ég verði ekki að yrkja brúðkaupsljóð þegar þau verða hjón, hún Gunna Lukka og Guggu-Jón, svaraði Drési.

Jón Gugguson var farinn að titra af geðshræringu, en sagði ekkert.

Og Drési hélt áfram: — Það er annars mesti efnispiltur, hann Jón Gugguson, hann réði sig til þess að bora og sprengja brotna leirdiska og bæta skó og skafa pottana og — —

Drési þagnaði skyndilega og hætti að hlæja, því að sykurlaut lumma kom fljúgandi með feikna krafti og skall allt í einu á nefið á honum og klesstist út á kinnina. Drési hrökk við af þessari óvæntu sendingu og skvetti kaffinu ofan á sig, svo reis hann snögglega upp, alvarlegur og svipaðist um eftir sökudólgnum.

Jón Gugguson, sem var hinn seki, var nú orðinn dauðskelkaður og stökk á fætur og tók á rás upp kambinn.

Nú varð allt í uppnámi undir veggnum.

Drési strauk framan úr sér á höfuðfatinu, svo ætlaði hann að hendast eftir drengnum en Júlli stökk í veg fyrir hann. — Láttu hann eiga sig, Drési minn, sagði hann, þú ert búinn að særa stráksmánina.

— Fu — gat hann ekki svarað fyrir sig eins og maður, það er best að reyna að kenna honum mannasiði, þessu gerpi, svaraði Drési hastur í máli og ýtti Júlla frá sér; svo hentist hann í spretti á eftir Jóni Guggusyni.

7.

Þegar drengurinn sá eftirförina kastaði hann klossunum af fótum sér og hljóp á sokkunum léttur á sér eins og kólfi væri skotið inn bakka.

Allir höfðu risið á fætur frá kaffidrykkjunni, sumir bollarnir skoppuðu niður í grjótið og brotnuðu, kaffið skvettist og gusaðist í allar áttir og sykurmolar hrukku niður á milli steinanna.

Jakobína þreif í handlegg Júlla.

— Þú mátt ekki láta það viðgangast, Júlíus, að maðurinn misþyrmi drengnum, sagði hún titrandi. — Andrés er bálvondur.

— Ótugt, hrópaði Lukka af öllum kröftum til Drésa, ótugt — ótugt.

En Jón Gugguson var brátt horfinn úr augsýn fólksins, inn á bakkana og Drési var kominn upp á brúnina. Þar stansaði hann skyndilega og horfði á eftir drengnum þar sem hann hentist í loftköstum af einni þúfunni á aðra. Það var óhugsandi að ná honum á þessum spretti. Og eftir skamma stund kom Drési lallandi niður í fjöruna, fúll á svipinn.

— Það verður að bíða betri tíða að ég kenni þessum drengvesalingi að haga sér skikkanlega, sagði hann dálítið móður. — Ég á eftir að kenna honum bænirnar.

Birna frá Hænuvík hló og rétti Drésa bolla og sagði að hann yrði að fá sér lögg eftir sprettinn en Júlli og Jakobína og Guðrún Lukka gengu upp á bakkana til þess að litast um eftir drengnum. En útlitið var ekki glæsilegt, þau litu hvert á annað. — Jón Gugguson var enn á harðahlaupum og fjarlægðist óðum, nú var hann kominn langt inn í móa og stefndi inn í dalinn.

8. Bréf til sýslumannsins

Einn daginn, þegar Lukka mætir Jóni Guggusyni í göngunum, kippir hann í ermi hennar og hvíslar: — Finndu mig út í fjósið þegar ég er þar einn.

Þá hvíslar hún á móti: — Hvað að gera?

— Það er nokkuð áriðandi, hvíslar hann.

— Segðu bara svolítið af því núna, segir telpan og gleymir sér af forvitni.

Hann lítur kringum sig.

— Ekki hátt, hvíslar hann, hún Engilmaría, hún Engilmaría.

Og það var satt, Engilmaría var að koma inn í bæinn og skaust með grunsamlegu augnaráði fram hjá þeim.

— Ég þori ekkert að segja hérna, hvíslar hann, reyndu bara að koma, Lukka mín.

Seinna um daginn eru þau stödd í fjósinu og kýrnar veifa hölunum kringum þau. Snjórinn liggur á litla glugganum, þar er hálförökkvað inni.

— Þú mátt engum lifandi manni segja það sem ég ætla að segja þér, það er svo áriðandi, segir hann.

Þá segir hún: Hef ég nokkurn tíma sagt nokkrum manni nokkuð af því sem þú hefur sagt mér?

— Ég ætla að skrifa sýslumanninum, segir hann þá umsvifalaust.

— Ha? spyr hún.

— Finnst þér það vitlaust? segir hann.

— Um hvað? segir hún.

— Það er nú aðallega um mig, — kannski dálítið um þig.

Lukka stendur undrandi og horfir stórum augum á Jón Gugguson.

9.

— Kannt þú að skrifa sýslumanni?

Hann stendur í básnum og styður sig við fjósarekuna.

— Ég gæti kannski skrifað biskupnum ef það væri betra, segir hann. Ég ætla að biðja sýslumanninn að hjálpa mér.

— Ætlarðu þá að klaga Júlla fyrir sýslumanninum?

— Ja, ég veit það ekki, svarar hann, ég ætla bara að spyrja sýslumanninn hvort ég geti ekki sloppið héðan. En ég ætla að gera það án þess að klaga Júlla. Ef sýslumaðurinn er réttssýnn maður hlýtur hann að hjálpa mér. Ég ætla að segja honum til hvers mig langar.

Lukka horfir aftur á piltinn, dálítið efagjörn.

— En ef þú ferð og kemur aldrei aftur, segir hún. Þá —

— Þá hvað?

— Þá verður leiðinlegt.

— Ég gæti skrifað þér, segir hann, kannski hittumst við seinna.

— Eftir mörg, mörg ár, segir hún hugsandi. Það er langt. Svo bætir hún við. Þú mátt annars skrifa um mig líka.

Þá segir hann glaður: — Fyrst skrifa ég um mig, svo set ég klausu um þig. Ég segi bara allt satt, þá ætti að vera óhætt að senda bréfið.

— Já, segðu honum allt, segir þá telpan ósmeyk, segðu honum að okkur langi til að læra; að við fáum bara að læra kverið og þó ekki fyrr en í svarta myrkrinu. Segðu honum að okkur langi til að vera frjáls eins og börn sem eiga pabba og mömmu, segðu honum að mig langi til að læra á hljóðfæri og þig langi til að lesa almennilegar bækur og teikna.

10.

— En ef sýslumaðurinn kemur hingað, segir hann.

— Ja, þá förum við fram á hlaðið og segjum: Já, það er satt, við höfum skrifað bréfið. Og ef hann snýr sér að Júlla og sýnir honum bréfið og ef Júlli hristir höfuðið yfir bréfinu þá segjum við eins og satt er að við séum ekki að klaga Júlla og Jakobínu.

— Já, ég hugsa að þetta verði okkur til góðs, segir hann sannfærandi. Bráðum skaltu heyra bréfið.

Og næstu daga notaði Jón Gugguson öll tækifæri og skrifaði bréfið með stórum og óreglulegum stöfum á laun.

Nokkru seinna las hann það yfir Lukku úti í fjósi. Það var svohljóðandi:

— Herra sýslumaður í sýslunni. Mig langar til að kvarta yfir því sem ég hef að gera hérna á Strönd. Húsbændurnir hérna heita Júlli og Jakobína en þau eiga mig ekki. Ég fékk ekki að vera heima hjá mömmu minni, hérna verð ég að vinna svo hroðalega mikið. Hér á bænum eru til dæmis stórar tréfötur sem ég verð að bera langar leiðir í fjósið, fullar af vatni, margar ferðir á dag og stundum í ófærð. Er leyfilegt að hafa svona stórar tréfötur á bænum og láta börn bera þær? Ég verð 12 ára í vor, ef ég lifi, og handleggirnir á mér titra þegar ég er búinn að bera þessar tréfötur, fætturnir á mér titra líka. Svo skvetti ég stundum á fætturna á mér og slabbið á haustin er líka vont. Svo verð ég að bera inn mó í stórum poka, og annaðhvort verð ég að hafa mikið í stóra pokanum eða fara margar ferðir og ég er oft að hugsa um hvort muni betra.

11.

Svo moka ég snjó og geri fleira, það er hroðalegur snjór hérna á Strönd og alltaf þarf að moka og moka. Ég hef víst ekki nógu mikla lyst að borða, til þess að verða sterkur. Mig langar til að læra eitthvað og ég veit hvað það er en ég ætla ekki að skrifa um það fyrr en ég veit hvort ég er skyldugur að vera hér lengur. Er ég skyldugur að vera þar sem ég vil ekki vera? Er ég skyldugur til að vinna svo að ég titri á kvöldin? Ef þér hjálpið mér, þá vil ég ekki að Júlli verði tekinn fastur, það meina ég ekki, en það væri kannski hægt að útvega honum sterkari mann í staðinn fyrir mig. Svo er hérna telpa, sem heitir Lukka. Hún er munaðarlaus og hana langar til að læra. Hún er svo greind að hún þyrfti að fá að læra það sem hana langar til, það er helst á hljóðfæri og kannski eitthvað í góðum bókum. Það þyrfti helst að gera eitthvað í þessu svo fljótt sem hægt er. Okkur leiðist svo hérna af því að fullorðna fólk er svo gamalt og skilur okkur ekki. En ég vil ekki að Júlli verði settur í tugthús, það er ekki svo vont að vera hér, þó að það sé vont.

Verið þér sælir.

— — —

— Þetta er bara ágætt, sagði Lukka himinlifandi, ég er hissa að þú skulir geta skrifað sýslumanni.

— Jahá, sagði drengurinn og stóð sæll með ljómandi augu og dálítinn roða í kinnnum. — Nú er bara að koma bréfinu.

Og það var hið alvarlegasta viðfangsefni næstu daga.

12.

— Heyrðu, ég er hættur við að senda bréfið, hvíslaði hann að Lukku, þar sem þau mættust í göngunum daginn eftir.

— Hættur! segir hún alveg steinhissa. Ertu alveg —

— Já, þetta er ljótt, segir drengurinn sannfærandi. — Það væri hroðalegt ef Júlli yrði bundinn.

— Bundinn! segir hún og heldur áfram að vera forviða.

— Já, það er svartamyrkur og þurrt brauð í öllum tugthúsum. Það á Júlli ekki skilið.

Þá hvessir Lukka röddina og gengur fast að honum: — Þú ert bara orðinn huglaus, segir hún.

— Huglaus, nei, svarar hann, — ég er ekki huglaus. Það er ekkert víst að þetta bæti fyrir mér eða þér.

En hann roðnar af skömm. Orðin hljóma af vörum Lukku eins og verstu skammir. — Huglaus, nei — —

— Láttu mig sjá það, segir Lukka og þreifar í barm hans. Og Jón Gugguson veitir ekkert viðnám og lofar henni að draga þaðan bréfið til sýslumannsins. Hún stingur því í flýti inn á brjóst sitt. Nú skal ég senda bréfið; þú sagðir alveg satt um daginn, að við ættum að skrifa sýslumanninum.

Hann er hreyfingarlaus og horfir á hana þar sem hún stendur örugg og djörf og svolítið falleg fyrir framan hann. Hún hefur alltaf styrkjandi áhrif á hann, eins og sólskinsvindurinn á vorin þegar allt er að þiðna.

— Jæja, segir hann og reynir að láta ekki á neinu bera. En hélstu að mér hefði verið alvara með hitt?

13.

— Alvara? Hún leit glettnislega á hann en í sama bili heyrðist fótatak Engilmariú og Lukka skaust inn í baðstofu en Jón Gugguson tók stóru tréfötturnar í eldhúsinu og fór að sækja vatn.

Og nú var þetta þýðingarmikla bréf í vörslum Lukku.

Hún útvegaði sér í leynd blátt umslag, ósköp þunnt og dálítið krumpað. Svo skrifaði hún í laumi utan á það eins vel og hún gat.

Til herra sýslumannsins í sýslunni.

— Þú hefðir líka átt að skrifa innihaldið, sagði drengurinn þegar hún sýndi honum hvað hún hafði skrifað fallega stafi á þetta bláa umslag. Svona blá og þunn umslög fékk Júlli frá kaupmanninum og hreppstjóranum svo að það var engin skömm að senda sýslumanninum þetta.

Nokkrum dögum seinna bar svo vel í veiði að fullorðin kona innan af bæjum kom til þess að finna Jakobínu. Hún gisti tvær nætur á Strönd og sagði margt skemmtilegt á vökunni.

Og Lukka fékk svo gott traust á þessari konu að hún notaði tækifæri sem gafst, og spurði konuna í lágum hljóðum hvort hún vildi taka fyrir sig bréf til sýslumannsins og láta það berast rétta leið.

Konan leit á Lukku dálítið grunsamlega og sagði:

— Ert þú að skrifa blessuðum sýslumanninum okkar?

— Ja, ekki beinlínis ég, en ég þarf að koma því sem allra fyrst, það er þýðingarmikið en það má helst enginn vita um þetta hérna.

14. Bláa umslagið

Uppi á búrhillunni liggur blátt umslag með utanáskrift „Til sýslumannsins í sýslunni.“ Þegar Jón Gugguson kemur auga á það ætlar hann að kikna í hnjáliðunum. Hann hallar sér upp að borðrönd og reynir að láta eins og ekkert sé.

Það er skelfileg þögn inni.

Jakobína lítur útundan sér mæðulega, fyrir henni gengur allt í einkennilegum snúningum og snuddi en Júlli stendur eins og klettur fyrir aftan drenginn. Og honum finnst að þessi klettur muni þá og þegar hrynja í höfuðið á sér, beint ofan í hvirfilinn, þar sem þynnst er inn að heilanum.

Svo stendur hann aftur frammi fyrir veruleikanum.

Já, Jakobína er óvenjulega bogin í baki í dag og þrífur einkennilega til hlutanna.

— Hum, segir hún, — hum.

— Jam, segir kletturinn fyrir aftan drenginn.

— Ojæja, segir hún.

— Já, það er naumast að þú gefur húsbændunum þínum vitnisburðinn, segir kletturinn.

— Ojá, það er efnilegt innrætið í þér, vesalingur, segir Jakobína, — hum.

Drengurinn stendur eins og límdur við borðið og starir votum augum og dökkum á vissan naglahaus í þilinu á móti. Þá og þegar getur kletturinn hrunið í höfuð hans. En hann skal samt ekki hreyfa sig.

Þá stígur Júlli inn fyrir og teygir sig eftir bláa umslaginu.

— Og þennan sóma hefurðu verið að skrifa um okkur hérna, þú hefur haft frístundirnar til þess arna, segir hann og slær hnefanum í áttina til drengsins.

Jón Gugguson þegir.

15.

— Og mér sýnist þú ekki hafa verið sérlega titrandi eða skjálfhentur þegar þú hefur verið að skrifa klögumálið, bætir Jakobína við, — ónei.

Drengurinn getur ekkert sagt.

En Júlí heldur áfram:

— Hvað heldurðu svo sem að taki við fyrir þér ef þú ætlar að stökka héðan burtu? Þú veist kannski ekki að þér var komið til okkar út af vandræðum með þig þarna í kotinu hjá henni mömmu þinni. Heldurðu að þú eigir að vera hérna upp á stáss, þegar hreppstjórinn biður um að reyna að gera úr þér mann?

Og Jakobína bætir við:

— Éld þú hefðir átt að láta hana móður þína vita um meðferðina á þér þegar hún var hér í eftirlitsferðinni í haust, en þá varstu eins og mélkisa, sýndist mér.

Svo heldur Júlí áfram í þungum rómi:

— Ef ég hefði ekki verið búinn að lofa að hafa þig tvö þrjú ár og gera úr þér mann þá hefðirðu kannski farið burtu fljótlega fyrir þetta afhæfi þitt. Það væri kannski rétt að kenna þér lífsreglurnar á einfaldan hátt, vesalingur, en þú mátt þakka fyrir að ég tek þetta eins og óvitaskap úr þér. Og svo skaltu biðja okkur Jakobínu fyrirgefingar á þessu óþokka framferði þínu, það tekur út yfir allan mannlegan skilning að þér skyldi koma þetta athæfi í hug.

— Hana nú. —

Þögn.

Hjarta drengsins berst ótt og títt. Hann ætlar hvað eftir annað að segja eitthvað en getur ekki komið upp nokkru orði.

16.

— Já, biddu okkur nú fyrirgefningar og lofaðu guði því að renna ekki huganum að slíkri óhæfu frammar ef þú vilt hafa miskunn góðra manna sem eiga að koma þér til manns, segir Júlli.

— Nei, segir drengurinn með titrandi röddu.

Júlli og Jakobína kippast við.

— Hvað?!

— Ég get það ekki og þarf þess ekki, segir drengurinn kjökrandi. Tárin renna niður kinnar hans.

— Þarftu þess ekki, ojæja, rýjan, þú heldur að þú megir þín einhvers, — það hafa menn meiri þér beðið fyrirgefningar fyrir ljótt afhæfi.

Jakobína hristir höfuðið og slær á lærið.

— Svei, svei, að heyra hortugheitin í þessum tappa.

— Og gerðu það bara strax, segir Júlli byrstur svo að skegg hans hristist. Og lofaðu betrun.

En nú er Jón Gugguson búinn að jafna sig.

— Það er klögunarvert að opna annarra manna bréf, segir hann töluvert ákveðinn.

Hjónin líta hvort á annað, eins og spyrjandi.

— Kannski þú kærir okkur fyrir það næst? verður Júlla að orði.

— Ég vil bara fá bréfið, segir drengurinn. Annaðhvort á ég bréfið eða sýslumaðurinn. Þið eigi ekkert í því.

— Guð minn hjálpi mér, stynur Jakobína. — Ég ætla að biðja þig, Júlíus, að fara ekki að munnhöggvast við þennan vesaling.

17. Kaupstaðarferð

Viku seinna er Júlli staddur niðri við sjávarhúsin og er að spenna Grána gamla fyrir sleða. Það er snemma morguns, himinninn er kuldalegur og grár. Frostið hefur verið nístandi dag eftir dag og nú er fjörðurinn lagður. Júlli ætlaði að nota sleðafærið og fara í kaupstaðarferð í dag.

Álengdar stóð Jón Gugguson, líka ferðbúinn, með þrjónahúfu á höfði og trefil um hálsinn, í togsokkum og leðurskóm. Hann átti að fara með í kaupstaðarferðina.

Svo er lagt af stað út á ísinn. Gráni fetar varfærnislega fyrst í stað, fram fyrir fjöruhrönnina.

Allt í einu stöðvast ferðin, framundan heyrir brestur og skvamp og á næsta augnabliki er ísinn brostinn undan sleðanum er sígur á hliðina niður í blágrænan sjóinn sem vellur í vökinni. Þetta gerist með svo skjótri svipan að engin fyrirskipun kemst fram yfir varir húsbóndans, hann hangir á sleðanum, hálfur í sjó en Jón Gugguson hefur sprottið upp eins og stálfjöður og hent sér upp á skörina fyrir aftan. Gráni brýst um, hann hangir með framfætarna uppi á skörinni og másar, sleðinn ætlar að toga hann niður í hlyldýpið en hesturinn streitist við.

Þá rekur Júlli upp ægilegt hljóð, sleðinn sígur ennþá lengra niður og Júlli er kominn því nær undir ísskörina. Þeir berjast um upp á líf og dauða. Og Júlli hljóðar aftur, en Gráni æsist og másar og reynir að hefja sig upp á skörina en virðist vera að missa máttinn.

En Jóni Guggusyni er ljóst að hér er um líf eða dauða að tefla. Í einu vetfangi hugkvæmist honum hvað gera skuli. Hann fleygir vettlingunum og nær í vasahnífinn sinn, fetar sig að Grána með sefandi blístri og teygir sig með hnífinn að sleðaólunum.

18.

Böndin hrökkva sundur og skyndilega léttist á Grána; hann er frjálss og hefur sig nú upp á skörina. En sleðinn flýtur í vökinni. Eftir nokkra stund tekst drengnum að ná í sleðabandið. Hann getur kippt húsbóndanum að föstu skörinni og innan stundar er honum einnig bjargað.

Og þarna standa þeir hljóðir á ísskörinni og horfa ofan í blágrænan sjóinn.

Jón Gugguson stendur þegjandi með hálfopinn munninn og starir á Júlla eins og hann vildi segja:

— Jæja, hvað finnst þér nú um þetta? Hvernig hefði farið ef ég hefði ekki verið áræðinn og handfljótur?

Júlli nötrar, kannski meir af geig en hrolli; það er eins og skelfing þessarar stundar ætli að sliga hann þótt lífshættan sé liðin hjá. Hann starir á vökina þar sem hann var nærri drukknaður. Sjórinn rennur úr fötum hans niður á svellið.

— Það verður víst ekki meira úr þessari kaupstaðarferð, segir húsbóndinn og tennurnar glamra í munn hans. Hann gengur að Grána og strýkur honum um brjóstið. Svo tekur hann snæri upp úr vasa sínum og fer að binda saman ólarnar sem drengurinn skar sundur. En hendurnar á Júlla skjálfa svo mikið að hann getur naumast hnýtt hnút.

— Jæja, þetta var nú samt heilla handbragð hjá þér, hróið mitt, segir hann titrandi og lítur í viðurkenningarskyni til drengsins, — þó að ólarnar væru nýjar. Sestu nú á sleðann, hróið mitt, og stjórnaðu honum Grána heim, ég held ég verði að hlaupa úr mér þennan fjárans hroll.

Önnur umferð: Ljóð eftir Huldu

Inngangur kynnis

Hulda, sem var skáldanafn Unnar Benediktsdóttur Bjarklind, fæddist árið 1881 að bænum Auðnum í Laxárdal í Suður-Pingeyjarsýslu. Sjötta ágúst í sumar verða liðin 130 ár frá fæðingu hennar.

Um tvítugt var Hulda hluta vetrar á Akureyri og lærði þar hússtjórn og hannyrðir en það þótti ómissandi þáttur í uppeldi ungra kvenna á þeim tíma. Hún var einnig við nám í Reykjavík og komst þá í nán tengsl við menningarlíf höfuðstaðarins og las íslensku og erlend mál undir handleiðslu þekkra menntamanna. Hún dvaldi auk þess erlendis og kynnti sér bókmenntir og listir en fáar konur á þeirri tíð áttu þess kost.

Fyrsta ljóðabók Huldu, *Kvæði*, kom út árið 1909 og síðan rak hver bókin aðra og voru afköst Huldu á bókmenntasviðinu með ólíkindum. Auk yfir tuttugu ljóðabóka ritaði hún greinar í blöð og tímarit og árið 1944 bar ljóð hennar *Hver á sér fegra föðurland* sigur úr bítum í samkeppni um hátíðarljóð á endurreisnardegi íslenska lýðveldisins. Hún lést í Reykjavík árið 1946.

Nemendur geta valið á milli tíu ljóða Huldu, en þau eru:

Heiðarfriður, Ljáðu mér vængi, Ef að þú víkingur værir, Á miðjum slætti, Í fjarlægum skógi, Upp til heiða, Hver á sér fegra föðurland, Við vatnið, Sumarkvöld og Breyttur söngur.

Óhjákvæmilegt er að sumir flytjendur lesi sama ljóðið en það gefur okkur hlustendum færi á að njóta mismunandi túlkunar.

Heiðarfriður

Sunnangola hlý og hrein
höfgu vaggar blómi.
Bekkur talar tær við stein
tryggum vinarrómi.

Yfir lága ásafjöld
ómar lóukliður.
Upp til heiða hafa völd
hátign, ró og friður.

Bak við hljóða heiðarbrún
háleit fjöllin mæna;
aftangull og geislarún
glóir um skalla væna.

Allt er blítt og hlýtt og hljótt,
höfgi á hverjum meiði.
Sólbjört, kyrrlát sumarnótt
svæfði dal og heiði.

„Ljáðu mér vængi“

„Grágæsa móðir!
ljáðu mér vængi“,
svo ég geti svifið
suður yfir höf.
Bliknuð hallast blóm í gröf,
byrgja ljósið skugga tröf;
ein ég hlýt að eiga töf
eftir á köldum ströndum,
ein ég stend á auðum sumarströndum.
Langt í burt ég líða vil,
ljá mér samfylgd þína!
Enga vængi á ég til
utan löngun mína,
utan þrá og æskulöngun mína.
Lof mér við þitt létta fley
lítið far að binda;
brimhvít höf ég óttast ei
eða stóra vinda.
Okkar bíður blómleg ey
bak við sund og tinda,
bak við sæ og silfurhvíta tinda.
Eftir mér hún ekki beið, —
yst við drangann háa
sá ég hvar hún leið og leið
langt í geiminn bláa,
langt í geiminn vegalaus, bláa.

Ef að þú víkingur værir

Ef að þú víkingur værir
ég vildi þér fylgja,
fylgja til fjarlæggra stranda
þá frægðar þú leitar.
Frjáls eins og hafblærinn fljúga
um freyðandi unnir,
listir og afrek að líta
í löndunum fjarri.

— —

Ef að þú víkingur værir
ég vildi þér fylgja;
öllum að hlið þér í hættum
sem heilladís standa;
hug þinn til stórræða stæla
og starfa þinn elska,
hadd minn á boga þér binda
þá brostinn er strengur.

— — —

Á miðjum slætti

Tún og engjar anga.
Enn á daginn líður.
Hálft er hirt og slegið,
hálft í vexti bíður.
Smáráilmur andar
út með bröttum hæðum;
störin vatnið væra
vefur bleikum slæðum.

Kom þú, milda, mjúka
móðir nótt, í bæinn.
Eins og söngfugl árla
aftur tek ég daginn;
kný — og upp lýkst allur
arður hans og gróði;
bið — og gull hann gefur,
geislar af fögrum sjóði.

Í fjarlægum skógi

Í fjarlægum, fögrum skógi
ég friðsælt rjóður veit,
þar skjálfa geislar í grasi,
þar ganga hindir á beit.

Á bak við blávötn og akra
rís borgin með þys og ljós,
en skóggýðjan felur í faðmi
friðarins hvítu rós.

Þar líður tíminn og líður —
sem laufelskur, mildur blær.
Og yfir nöfnunum okkar
á eikinni börkur grær.

Upp til heiða

Svanir á tjörninni synda,
í sefinu hvíslar blær;
á bakkanum brosir í svefni
blásóley, ung og skær.

Rjúpa kúrir í runni,
þar rökkva laufatjöld.
Hver veit hve fálkinn er fjarri
þó friðsælt virðist í kvöld?

Hún gægist á milli greina
og gætir í sérhvert skjól
hvort þar sé elskendum óhætt
að eiga sumarból.

Í lynginu fann hún fylgsni
og fléttar nú hreiðrið í ró. —
Ég vildi að fálkinn flygi
til fjalls eða lengst út á sjó.

Hver á sér fegra föðurland

Hver á sér fegra föðurland
með fjöll og dal og bláan sand,
með norðurljósa bjarmaband
og björk og lind í hlíð?
Með friðsæl býli, ljós og ljóð,
svo langt frá heimsins vígaslóð.
Geym, drottinn, okkar dýra land
er duna jarðarstríð.

Hver á sér meðal þjóða þjóð
er þekkir hvorki sverð né blóð
en lifir sæl við ást og óð
og auð sem friðsæld gaf?
Við heita brunna, hreinan blæ
og hátign jökla, bláan sæ,
hún unir grandvör, farsæl, fróð
og frjálts — við ysta haf.

Við vatnið

Við fjallavötnin fagurblá
er friður, tign og ró;
í flötinn mæna fjöllin há
með fannir, klappir, skóg.
Þar líða álfir langt í geim
með ljúfum söngvaklið,
og lindir ótal ljóða glatt
í ljósrar nætur frið.

Já, upp úr dalnum dregur hug
hin dýrðarbjarta sýn
þá hafið allt er gulli glæst,
hver gnípa roðin skín
við loftsins bláa, skíra skaut
og skýja mallhreint lín,
en vatnið brosir, bjart og kyrrt,
og blærinn hverfur, dvín.

Sumarkvöld

Sumarkvöld, ó, sumarkvöld!
Stíg frá háum stjörnuboga,
stráðu friði' um lönd og voga,
sólarbjarta, sumarkvöld!

Sumarkvöld, ó, sumarkvöld!
Vefðu himin loga ljósum,
lífögg veittu þyrstum rósum,
daggarsvala sumarkvöld!

Sumarkvöld, ó, sumarkvöld!
Þíddu heift úr hörðum börmum,
höfug þerrðu tár af hvörmum,
friðarsæla sumarkvöld!

Sumarkvöld, ó, sumarkvöld!
Réttu mér nú mjúka höndu,
móti rétti' ég þreytta öndu;
hvíl mig, svæf mig, sumarkvöld!

Breyttur söngur

Uppi' í brekku Litli-lækur
lék og söng og hló;
fyrir blóm og bláa steina
bylgju gígju sló.

Söng um vor er von og yndi
vakti sólin góð
en í kvöldsins kyrrð og blíðu
kvað hann vögguljóð.

Söng um barna ljúfa leiki,
litla bæinn minn.
Sætar, glaðar sæluvonir
söng í hugann inn.

Og hann syngur og hann líður
enn hinn sama stig;
en — uppi' í brekku Litli-lækur
ljóðar nú um þig.